

## S A M Þ Y K K T

11

27. jan.

um breytingar á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu,  
nr. 4 14. janúar 1949.

## 1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

1. *Sikárvegur*: Af þjóðveginum hjá Bálkastöðum, fram með Siká að Fossseli.
2. *Óspaksstaðavegur*: Af þjóðveginum austan Hrútafjarðarar, að Óspaksstöðum.
3. *Hrútafjarðarvegur*: Af þjóðveginum ofan Reykjastapa að Mýrum.
4. *Heggsstaðanesvegur*: Af þjóðveginum við Miðfjarðararbrú, um Sanda og Bessa-  
staði, að Bálkastöðum.
5. *Heggsstaðavegur*: Af Heggstaðanesvegi hjá Söndum að Heggsstöðum.
6. *Svertingsstaðavegur*: Af þjóðveginum hjá Melstað um Skeiðmel og Neðri-  
Svertingsstaði að Efri-Svertingsstöðum.
7. *Búrfellsvegur*: Af þjóðveginum fyrir ofan Staðarbakka, um Skarfhól, að Búr-  
felli.
8. *Laugarbakkavegur*: Af þjóðveginum austan Miðfjarðarar að Árnesi.
9. *Hrútafjarðarhálsvegur*: Af þjóðveginum hjá Brandagili yfir Hrútafjarðarháls  
norðan Húks á þjóðveginn hjá Kollufossi.
10. *Skeggjastaðavegur*: Af þjóðveginum í Núpsdal, um Skeggjastaði og væntanlega  
brú á Vesturá, á þjóðveginn hjá Kollufossi.
11. *Aðalbólsvegur*: Af þjóðveginum hjá Hnausakoti, um væntanlega brú á Austurá  
að Aðalbóli.
12. *Dalabæjavegur*: Af þjóðveginum hjá Tjörn, um væntanlega brú á Katadalsá,  
um brúarstæði hjá Tungu, að Þorgrímsstöðum.
13. *Hlíðardalsvegur*: Af þjóðveginum fyrir sunnan Hamarsá að Hlíð.
14. *Katadalsvegur*: Af sýsluveginum norðan Tungu, að Katadal.
15. *Breiðabólsstaðarvegur*: Af þjóðveginum fyrir neðan Breiðabólsstað, að Breiða-  
bólsstað.
16. *Borgarvegur*: Af þjóðveginum sunnan Grundarar, yfir Reyðarlæk um brúar-  
stæði, um Bjarghús, að Litlu-Borg.
17. *Stóru-Borgarvegur*: Af Refsteinsstaðavegi um brúarstæði á Viðidalsá, að  
Stóru-Borg.
18. *Þverárvegur*: Af þjóðveginum hjá Syðri-Þverá, um brúarstæði á Þverá hjá  
Efri-Þverá.
19. *Vesturhópshólavegur*: Frá þjóðveginum við Hólabrú, vestan árinna að Vest-  
urhópshólum.
20. *Núpsdalsvegur*: Frá Efra-Núpi um Þverá, að Fosskoti.
21. *Dalgeirsstaðavegur*: Frá væntanlegri brú á Vesturá, að Dalgeirsstöðum.
22. *Austurárdalsvegur*: Af þjóðveginum norðan Austurár, um Barkarstaði, að  
Barkarstaðaselí.
23. *Viðidalsvegur*: Um væntanlega brú á Viðidalsá, að Hrappsstöðum.
24. *Fitjárdalsvegur*: Af þjóðveginum sunnan Stórhóls, um Hrísa, að Finnmörk.
25. *Fremri-Fitjavegur*: Frá Fremri-Fitjum að Bjargi (eða Uppsölum).
26. *Króksvegur*: Af sýsluveginum vestan Fitjaár, um Kambhól, að Króki.
27. *Valdarásvegur*: Af sýsluveginum neðan Hrísa, að Valdarási.
28. *Refsteinsstaðavegur*: Af þjóðveginum á Þvermel, um Laufás, að Refsteins-  
stöðum.

- 11 29. *Hliðarvegur*: Af Viðidalsvegi, um Bakka, að Litluhlíð.  
 27. jan. 30. *Ásgeirsárvegur*: Af Þjóðveginum á Lækjarmelum, um Stóru-Ásgeirsá, á Viðidalsveg hjá væntanlegri brú á Viðidalsá.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. janúar 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

12

2. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 74 17. apríl 1950, um búfjárrækt.

43. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Landssambandi hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu fjórða hvert ár fyrir reiðhross, sem notuð eru til undaneldis, í fyrsta skipti árið 1950, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal varðandi sýningarstað og hvernig sýningunni skuli hagað. Verðlaun á þessum sýningum greiðast að hálfu úr ríkissjóði, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Um upphæð verðlauna fer eftir reglum, sem landssambandið setur í hvert skipti og stjórn Búnaðarfélags Íslands samþykkir.

Umsókn um sýningarleyfi ásamt fullnægjandi upplýsingum skal vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí næstan áður en sýningin á að fara fram.

Landssamband hestamannafélaga skal kjósa 2 meðdómendur í hvern dómflokk sýningarinnar.

Búnaðarfélag Íslands lætur skrasetja sérstaka ættbók fyrir þau hross, sem hljóta verðlaun á landssýningum þessum.

Á landssýningu Landssambands hestamannafélaga skal dæma kynbótahross á eftirfarandi hátt í einkunnum og stigum:

1. Fyrir byggingu:	<i>Einkunn:</i>	<i>Stig:</i>
a. Höfuð, háls og yfirsvipur .....	1—10	35
b. Samræmi í líkamsbyggingu .....	1—10	35
c. Fætur, hófar og fótstaða .....	1—10	30
	Samtals	100 stig.
2. Fyrir reiðhestahæfileika:	<i>Einkunn:</i>	<i>Stig:</i>
a. Fetgangur .....	1—10	20
b. Tölt .....	1—10	50
c. Brokk .....	1—10	30
d. Skeið .....	1—10	50
e. Stökk .....	1—10	40
f. Vilji .....	1—10	70
g. Geðslag .....	1—10	40
	Samtals	300 stig.